

112

31. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innri Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Innri Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Staðarhöfða í sama hreppi, enda liggi fyrir yfirlýsing hreppsnefndarinnar um, að hreppurinn skuldbindi sig til, ef hann selur jörðina, að tryggja það, að jörðin verði gerð að ættaróðali. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

113

31. des.

L Ö G

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðsiur með nauðsynlegum flóðgáttum.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að $\frac{7}{8}$ hlutum, en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu $\frac{1}{8}$ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum, en sýslufélaginu að $\frac{1}{4}$ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum.

3. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurbjörgun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir.

4. gr.

Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hvernjar jarðar í fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti.

113

31. des.

5. gr.

Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkv. 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr.

7. gr.

Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögnum frá 20. júní 1923.

8. gr.

Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skytt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kostnaður sá vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna, sem unnin var á síðastliðnu hausti að forsögn vegamálastjóra, greiðist á sama hátt sem fyrir er mælt í 2. gr.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.